

AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs vegna Stekkjarbergs 11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 27. september 2023 breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs vegna Stekkjarbergs 11. Breytingin felst í að lóðin er stækkuð og á henni er heimilað að reisa 26 íbúðir í þremur tveggja hæða fjölbýlishúsum. Einnig er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir hjóla- og vagnageymslu.

Uppdráttur ásamt greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. október 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Aleksandra Julia Wegrzyniak þjónustufulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 18. október 2023